

TRYGGINGAGJALD - SKATTUR EÐA GJALD?



Atvinnufjeldið

atvinnufjeldid@atvinnufjeldid.is

TRYGGINGAGJALD SETT Á

Árið 1991 var tryggingagjald tekið upp í stað launaskatta og annarra launatengdra gjalda sem atvinnurekendur greiddu áður. Tryggingagjald er sérstakt gjald sem atvinnurekendum ber að greiða af heildarlaunum launfólks á tekjuári skv. lögum um tryggingagjald nr. 113/1990.


Árið 2024 nemur tryggingagjaldið 6,35% af launagreiðslum atvinnurekenda, og skiptist í fernt:

- Almennt tryggingagjald (4,9%: 2024)
- Atvinnuþryggingagjald (1,35%: 2024)
- Ábyrgðagjald launa (0,05%: 2024)
- Markaðsgjald (0,05%: 2024)

Þær tekjur sem falla undir atvinnuþryggingagjald skulu renna til Atvinnuleysis-tryggingasjóðs, ábyrgðagjald rennur í ábyrgðasjóð sem ábyrgist greiðslu á kröfum um t.a.m. vangoldin laun sem launamaður á rétt á verði vinnuveitandi t.d. gjaldþrota.

Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi hafa hækkað jafnt og þétt síðan það var lagt á árið 1991. Heildartekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi 2023 námu 131 ma. kr. samanborið við 52 ma. kr. árið 2012. Frá árinu 1998 hefur tryggingagjaldið staðið undir 6,5 - 11,8% af heildartekjum ríkissjóðs og því er um að ræða mikilvægan tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Tryggingagjald vegur þungt í tekjum ríkissjóðs
Heildartekjur ríkissjóðs og tekjur af tryggingagjaldi*



*Leiðrétt fyrir stöðugleikaframlögum 2016. Heimild: Hagstofa Íslands.

Stærsti hluti tryggingagjalds er nýttur til að fjármagna:

- Lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga
- Atvinnuleysisbætur
- Fæðingarorlof

Alla jafnan rennur stór hluti eða um 50-70% af tryggingagjaldinu í lífeyris- og slysatryggingar almanna trygginga. Árið 2016 var 66% af tryggingagjaldinu nýtt til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga*.

* Tryggingagjald og sjóðir tengdir vinnumarkaði.
Sigurður H. Helgason, 6.febrúar 2018


TEKJUSTOFNAR OG ÞRÓUN TRYGGINGAGJALDS

Árið 2025 er fyrirhugað að tryggingagjaldið verði þriðji stærsti tekjustofn ríkissjóðs. Tryggingagjaldið er því grunnstoð í tekjuöflun ríkissjóðs. Hlutfall tryggingagjalds af heildartekjum hefur hækkað úr 7,5% að jafnaði fyrir efnahagshrunið 2008 í um og yfir 10% eftir efnahagshrunið.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs muni nema 1.140 ma. kr. Þar af er gert ráð fyrir því að virðisaukaskattur skili 430 ma. kr., einstaklingsskattur 287 ma. kr. og tryggingagjald 150 ma. kr.

Tryggingagjald er þriðji stærsti tekjustofn ríkisins


Tíu stærstu tekjustofnar ríkissjóðs



Heimild: Fjárlagafrumvarp 2025.

Tryggingagjaldið var hækkað verulega í kjölfar fjármálakreppunnar

Skipting tryggingagjaldsins (2002 – 2023)



Heimild: Fjárlagafrumvarp 2025.

Það er athyglisvert að rýna hvernig skipting undirliða tryggingagjaldsins hafa þróast frá árinu 2002.

Almennt tryggingagjald hefur verið á bilinu 4,34% - 6,04%. Sveiflur í atvinnu-tryggingagjaldinu hafa hins vegar verið meiri. Hæst hefur sá þáttur farið í 3,81% og lægst 0,65%.

Atvinnutryggingagjaldið hækkaði umtalsvert í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og hefur sú hækkun gengið hægt til baka.

Hækkun á tryggingagjaldi í heild sinni er því að miklu leyti háð atvinnuleysi á hverjum tíma. Enda er það atvinnutryggingagjaldið sem hækkar eða lækkar að mestu leyti.

TRYGGINGAGJALD Á BREIÐUM GRUNNI


Þeim atvinnugreinum sem skylt er að standa skil á tryggingagjaldi má skipta upp í fjóra geira (hið opinbera undanskilið):

- Þjónustugeirinn (Verslun, flutningar og ferðaþjónusta)
- Frumframleiðsla (Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar)
- Sérfræðiþjónusta (Fjármála og váttryggingastarfssemi, sérfræðistarfssemi t.d)
- Iðnaður (Byggingastarfssemi, námugröftur, veitustarfssemi og framleiðsla)

Tryggingagjaldið leggst misþungt á þessa geira og gefur hlutfall launakostnaðar á móti tekjum til kynna hversu háðar mismunandi atvinnugreinar eru vinnuafli. Ef horft er til viðskiptahagkerfisins í heild sinni þá hefur hlutfall tryggingagjalds lækkað úr 1,79% árið 1997 niður í 1,52% árið 2023, þetta hlutfall hefur því lækkað um rúmlega 15%. Hlutfallið hefur mest lækkað í frumframleiðslu eða farið úr 2,46% 1997 í 1,74% 2023. Þjónustugeiranum hefur gengið hvað verst að lækka þetta hlutfall eða farið úr 2,17% 1997 niður í 2,16% 2023.

Fjöldi starfandi hefur hlutfallslega aukist mest í sérfræðiþjónustu eða úr 17.000 árið 1997 í 38.000 árið 2023. Mikil aukning starfandi hefur einnig orðið í þjónustu geiranum en hann hefur vaxið um 54% frá árinu 1997, úr 32.000 í 50.000 starfandi. Þjónustugeirinn og sérfræðiþjónusta eru þær atvinnugreinar sem hafa skapað flest störf frá árinu 1997.

Tryggingagjaldið leggst þyngst á þjónustugeirann ■ 2023 ■ 1997



*Áætlað út frá launakostnaði. Heimildir: Hagstofa Íslands, Skatturinn.


** Hið opinbera er undanskilið

HAGRÆÐING FRÁ TRYGGINGAGJALDI

Atvinnugreinum hefur tekist mis vel að hagræða sig frá tryggingagjaldinu. Sumar atvinnugreinar eru betur í stakk búnaðar til þess með aukinni tæknivæðingu, fjárfestingu í búnaði eða með öðrum hætti sem getur haft í för með sér annað hvort: fækkun starfsfólks eða aukið framleiðni vinnuafls. Þannig geta sumar atvinnugreinar og fyrirtæki innan atvinnugreina hagrætt sig að hluta frá tryggingagjaldinu. Það mætti því segja að tryggingagjaldið sé eins konar hvati til þess að bæta framleiðni vinnuafls eða draga úr þörf vinnuafls á hvaða máta sem það er gert enda er fjárhagslegur ávinningur af því í formi lægra tryggingagjalds í krónum talið.


Þjónustu geirinn virðist hafa náð minnstum árangri í hagræðingu frá tryggingagjaldi og þar á eftir iðnaður, hlutfall tryggingagjalds af tekjum hefur dregist saman um tæplega 15% í iðnaði en staðið í stað í þjónustugeiranum. Á meðan hefur sérfræðiþjónusta og frumframleiðsla náð hvað bestum árangri. Hlutfall tryggingagjalds á móti tekjum er 25% lægra í sérfræðiþjónustu nú en það var árið 1997 og 29% lægra í frumframleiðslu en það var árið 1997.

Sveiflur hafa orðið í þyngd gjaldsins í hlutfalli við tekjur milli geira
Tryggingagjald, % af heildartekjum



*Áætlað út frá launakostnaði. Hið opinbera undanskilið. Heimildir: Hagstofa Íslands, Skatturinn.

Allir geirar nema þjónustugeirinn hafa hagrætt sig frá gjaldinu
Hlutfall tryggingagjalds af heildartekjum, % br. frá 1997



Heimildir: Hagstofa Íslands, Skatturinn.

KAFAD DÝPRA


Atvinnugreinar hafa náð mis góðum árangri að lækka hlutfall tryggingagjalds og tekna þegar litið er á heildina. Það er nauðsynlegt að skoða frekari sundurliðun á atvinnugreinum til þess að fá yfirsýn yfir þróun þessa hlutfalls til lengri tíma. Ferðapjónusta og veitingarekstur er sú atvinnugrein sem gengið hefur hvað verst að hagræða sig frá tryggingagjaldinu. Hlutfall þeirra greinar er nú um 27% hærra en það var árið 1997.

Þeir undirflokkar atvinnugreina sem gengið hefur hvað verst að lækka hlutfall tryggingagjalds á móti tekjum eru þeir flokkar atvinnugreina sem eru mannaflsfrekir eða þeir flokkar sem eiga erfiðara með að auka framleiðni vinnuafls svo sem sérfræðipjónusta, byggingastarfssemi, leigustarfssemi og flutningar. Þessir flokkar eiga það sameiginlegt að vinnuafl er drífandi afl í tekjuöflun þeirra.

Þeir flokkar sem hafa náð að draga verulega úr hlutfalli tryggingagjalds og tekna er fjármála- og váttryggingastarfssemi, landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar og iðnaður. Fjármála- og váttryggingastarfssemi bera þar höfuð yfir herðum og hefur hlutfallið lækkað um 40% frá árinu 1997 eða úr 2,9% niður í 1,7%.

Atvinnugreinum gengur misvel að hagræða sig frá tryggingagjaldi

Hlutfall tryggingagjalds af heildartekjum, 1997 og 2023



Heimildir: Hagstofa Íslands, Skatturinn.

HORFT TIL VINNUAFLSFREKRA GREINA


Ef horft er sérstaklega til vinnuaflsfrekra greina sést að þeim hefur tekist mun verr að hagræða sig frá tryggingagjaldinu. Hlutfall tryggingagjalds og tekna í starfssemi lögfræðinga, bókhald, arkítekta og verkfræðingar hefur hækkað talsvert frá árinu 1997. Fjármálaþjónstu og váttryggingafélög hafa náð góðum árangri þar sem hlutfallið er 1,7% hjá fjármálaþjónustu og 1,4% hjá tryggingafélögum.

Matvælaframleiðslu hefur einnig tekist að lækka hlutfallið umtalsvert, líklega að hluta vegna aukinnar fjárfestingar í vélum og búnaði við matvælaframleiðslu. Hlutfallið innan fiskveiða hefur sömuleiðis dregist verulega saman. Einnig hafa heildsölur og smásöluverslanir náð að lækka hlutfallið.

Hlutfallið er 13,4% lægra í smásöluverslun og 10,7% lægra hjá heildverslunum en það var árið 1997, 28% lægra í fiskveiðum og 29% lægra í matvælaframleiðslu en árið 1997. Til samanburðar þá er hlutfallið 18% hærra hjá lögfræðingum og bókhaldsstofum, 4% hærra í byggingariðnaði og 42% hærra hjá arkitektum og verkfræðistofum en það var árið 1997.

Vægi tryggingagjalds er misjafnt eftir stökum undirgreinum

Hlutfall tryggingagjalds af heildartekjum, 1997 og 2023



Heimildir: Hagstofa Íslands, Skatturinn.


TEKJUR ATVINNUGREINA

Tekjur atvinnugreina hafa aukist stöðugt frá árinu 1997. Mest hefur tekjuaukning orðið í ferðapjónustu og veitingarekstri enda hefur ferðapjónustugeirinn stækkað gífurlega síðustu 10 ár og er í dag ein af grunnatvinnugreinum hagkerfisins. Aðrir geirar hafa sömuleiðis vaxið hratt t.a.m verslun, leigustarfsemi, fjármála og váttryggingastarfssemi, sérfræðipjónusta og önnur starfssemi.

Iðnaður ber höfuð yfir herðar í tekjuöflun, tekjur iðnaðarins nam 1.732 ma. kr. árið 2023 og þar á eftir kemur byggingastarfssemi með 834 ma. kr. tekjur árið 2023. Önnur starfssemi eru tekjulægsta atvinnugreinin en tekjur hennar námu 244 ma. kr. árið 2023 þrátt fyrir mikinn vöxt síðastliðin ár.

Veitinga- og gistiþjónusta hafa vaxið hraðast

Heildartekjur atvinnugreina, ma. kr. á verðlagi ársins 2023 og % br. frá 1997



Heimildir: Hagstofa Íslands, Skatturinn.

TRYGGINGAGJALD EÐA TRYGGINGASKATTUR?

Tryggingagjaldið var upphaflega lagt á árið 1991 með samþykki laga nr. 113/1990. Tryggingagjaldið er sérstakt gjald sem aldrei hefur verið nefnt skattur, þó svo um skattlagningu sé að ræða.

„Tryggingagjaldið er vondur skattur sem leggst á öll laun og dregur úr nýsköpun í atvinnulífinu. Það bitnar sérstaklega á litlum fyrirtækjum þar sem launagjöld eru yfirgnæfandi hluti rekstrargjalda, en lítil fyrirtæki eru meginuppspretta nýrra starfa í efnahagslífinu. Lækkun þess er því til þess fallin að stuðla að aukinni nýsköpun og bættum hag landsmanna þegar fram í sækir.“ Þetta kom fram í frétt Samtaka atvinnulífsins þann 16. desember 2016 og margt er til í þessari yfirlýsingu þeirra.

Skattur á að vera hlutlaus gagnvart ólíkum atvinnugreinum og einstaklingum þ.e.a.s. skattur á að vera hannaður þannig að hann valdi ekki breytingum á ákvarðanatöku fyrirtækja eða einstaklinga. Hans eina markið er að safna tekjum til ríkissjóðs á eins hlutlausan máta og hægt er fyrir hagkerfið. Flatur skattur er dæmi um fullkomlega hlutlausan skatt sem leggst jafnt á alla.

Þar sem tryggingagjaldið leggst á launakostnað hefur það áhrif á ákvarðanir fyrirtækja um ráðningar og hvernig afkomu félaga er háttað. Félögum getur verið betur borgið að auka fjárfestingu í tækni, tækjum eða öðru sem annað hvort fækkar starfsfólki eða eykur framleiðni þess vinnuafls sem nú þegar er til staðar. Tryggingagjald í núverandi mynd hefur því tilhneigingu til að hafa áhrif á ákvarðanir fyrirtækja, sem fer gegn hugmyndinni um hlutlausan skatt.

Það er mikilvægt að innheimta tryggingagjaldsins sé í samræmi við heilbrigða skattheimtu til þess að tryggja jafnræði milli atvinnugreina. Tryggingagjaldið leggst ójafnt á mismunandi atvinnugreinar, vinnuafsfrekar atvinnugreinar bera hlutfallslega þyngri byrðar af gjaldinu sem ætlað er að standa undir ýmsum útgjöldum samfélagsins. Innheimta tryggingagjaldsins ætti að vera í samræmi við heilbrigða skattheimtu til þess að tryggja jafnræði milli atvinnugreina.

Hið opinbera er stærsti einstaki vinnuveitandi landins. Opinbert starfsfólk er u.þ.b 30% af heildarfjölda starfandi á Íslandi, stærsta einstaka framlag til tryggingagjalds kemur því frá hinu opinbera. Hið opinbera greiddi 39 ma. kr. í tryggingagjald árið 2023 á meðan þjónustugeirinn í greiddi 34 ma. kr. og iðnaður 30 ma. kr árið 2023.

TRYGGINGAGJALD LAGT Á TEKJUR?

Skattar þjóna aðeins einum tilgangi og það er að afla tekna til ríkissjóðs. Það er því mikilvægt að skattar séu eins hlutlausir og á er kosið. Hlutlaus skattur tryggir jafnræði milli aðila, þannig sitja allir við sama borð. Tryggingagjaldið er ekki skattur heldur sérstakt gjald en er ígildi skatts og mikilvægt að hugsa um það sem skatt fremur en gjald.


Einn möguleiki til að tryggja jafnræði og hlutlausan skatt er að leggja tryggingagjaldið á tekjur fyrirtækja. Þannig greiða allir sama gjald í % en krónu talan byggir á veltu hvers og eins. Að undanskildu hinu opinbera greiddi viðskiptahagkerfið 98,9 ma. kr í tryggingagjald árið 2023 eða 1,52% af veltu.

Undir núverandi fyrirkomulagi greiddi frumframleiðsla: 5,9 ma.kr í tryggingagjald árið 2023, iðnaður 30,9 ma. kr, þjónusta 34,1 ma. kr og sérfræðiþjónusta 28 ma. kr.

Sé tekið upp veltutengt gjald þá hefði gjaldið þurft að vera 1,52% árið 2023 til að skila sömu tekjum til ríkissjóðs af viðskiptahagkerfinu. Þá breytist samsetningin í krónum talið hvað hver atvinnugrein hefði greitt. Undir flötu gjaldi hefði frumframleiðsla greitt 5,1 ma.kr, iðnaður 38,9 ma. kr, þjónusta 24 ma. kr og sérfræðiþjónusta 30,9 ma.kr.

Tekjugjald í stað launagjalds jafnar skattbyrði en skilar sömu tekjum

Tekjur af tryggingagjaldi og gjaldi á tekjur, ma. kr, og % af heildartekjum



Heimildir: Hagstofa Íslands, Skatturinn.


MISMUNANDI ÁHRIF Á ATVINNUGREINAR

Sé gjaldið lagt á tekjur breytist samsetning tryggingagjaldsins. Atvinnugreinar standa þá jöfnum fæti þ.e. greiða sama gjaldið í prósentu þvert á. Þegar horft er til breiðari atvinnugreina flokkunar má sjá hvernig samsetning gjaldsins breytist ef það yrði veltutengt. Árið 2023 hefði gjaldið þurft að vera 1,52% af tekjum viðskiptahagkerfisins til að skila sömu tekjum til ríkissjóðs.

Hjá sumum atvinnugreinum hefði þessi breyting tiltölulega lítil áhrif á þá fjárhæð sem þær greiða í tryggingagjald t.a.m. byggingastarfssemi, fjármála- og váttryggingastarfssemi, leigustarfssemi og sérhæfða þjónustu, flutningar og geymslu. Á meðan aðrar myndu greiða minna í krónum talið í tryggingagjald t.a.m. veitinga og gistirekstur, fiskveiðar og fiskeldi, heild og smásala. Síðan eru aðrar atvinnugreinar sem myndu greiða meira í tryggingagjald t.a.m. fasteignaviðskipti, framleiðsla og veitustarfssemi.

Tekjugjald í stað launagjalds jafnar skattbyrði en skilar sömu tekjum

Tekjur af tryggingagjaldi og gjaldi á tekjur, ma. kr, og % af heildartekjum



Heimildir: Hagstofa Íslands, Skatturinn.